

35
1. maí

þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrir-
rúmi á árinu 1948.

XXXVIII. Að taka allt að 25 millj. króna lán til þess að ljúka framkvæmdum, sem
fé er veitt til í fjárlögum, ef tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, en vinnu-
afl nægilegt atvinnuvegunum að skaðlausu.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1946 og hafa í för með
sér tekjur eða gjöld fyrir rikissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin
samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum,
tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins
fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört í Reykjavík, 1. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

36

1. maí

L Ö G

um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Í stað orðanna „til fjögurra ára“ í 50. gr. laganna kemur: til fjögurra al-
manaksára.

2. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur sett raforkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru
send til umsagnar. Hann getur í reglugerð, að fengnum tillögum raforkuráðs og
umsögn raforkumálastjóra, sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Umboð raforkuráðs þess, er kosið var 29. apríl 1946, fellur niður 31. desem-
ber 1949.

Gjört í Reykjavík, 1. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.